



Þingmannablús

Verðbólga kemur sér fyrir, vextir valda búisifjum, atvinnuleysi birtist okkur. Hvernig verður hið „nýja Ísland?“ Erum við ekki lengur „stórasta land í heimi?“ Ætlar ríkisstjórnin að beita gömlu íslensku aðferðinni „þetta reddast?“

Sjá nánar á bls. 6



Konukvöld

Konukvöld var haldið hátíðlegt á Egilsstöðum um síðustu helgi. Veislustjóri var Helga Braga. Um þrjúhundruð konur mættu af öllu Austurlandi til að taka þátt í gleðinni. Mikið var um dýrðir á svæðinu og konurnar mættu í sínu finasta þússi. Lára frá Dale Carnegie var með sýnishorn af sjálfstyrkingu. Tískusýning sem mikið var lagt upp úr, föðun, greiðsla og tilheyrandi.

Sjá nánar á bls. 7

austur glugginn

Fréttablað Austfirðinga
Verð í lausasölu kr. 400
Fimmtudagur 13. nóvember

45. tbl. - 7. árg. - 2008

Áskriftarverð kr. 1.200 á mánuði

ISSN1670-3561

Mjóitfjörður
Neskaupstaður
Eskitfjörður
Reyðarfjörður
Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður

**ÞÚ ERT
Á GÓÐUM
STAÐ**

FJARDABYGGÐ fjardabyggd.is

SECURITAS

Landflutningar - Samskip
Kaupvangi 25
700 Egilsstaðir
Sími 458 8800
Fax 458 8808

Opnunartími:
Mánudaga til föstudaga
frá kl. 08:00-16:00

Landflutningar
SAMSKIP

Malarvinnslan gjaldþrota

„Flest unnið á móti okkur“



Mynd: Þráinn Skarphéðinsson

Héraðsdómur Austurlands samþykkti á þriðjudagsmorgun gjaldþrotabeidni Malarvinnslunnar á Egilsstöðum. Stjórnarformaðurinn segir flest hafa unnið gegn fyrirtækinu undanfarið ár.

Rúmt ár er liðið síðan Kaupfélag Héraðsbúa keypti Malarvinnsluna. Gunnlaugur Aðalbjarnarson, stjórnarformaður Malarvinnslunnar og kaupfélagsstjóri, segir fyrirtækið hafa verið afar skuldbætt þegar það var keypt. Reynt hafi verið að finna leiðir út úr skuldunum en hrun íslensku bankanna í byrjun október hafi reynt reiðarslagið.

„Þá varð ljóst að eftirspurn eftir þjónustu okkar drægist verulega saman og að fjármálastofnunum yrði þrengri stakkur búinn til að fjármagna fyr-

irtækið og verkefni þess. Að auki voru miklar skuldir vegna fjárfestinga undanfarinna ára félaginu erfið og eignasala undanfarið ár ákaflega lítil.“

Í sumar rofaði til, meðal annars þar sem Malarvinnslan vann að viðbyggingu Egilsstaðaskóla. En haustið varð kalt. Um seinustu mánaðamót var 30 starfsmönnum af um 100 sagt upp í von um að bjarga mætti fyrirtækinu í gegnum veturinn.

„Við vorum ekki svartsýn í sumar því verkefnastaðan var mjög góð en verðbólgan og gengishrunið fóru illa með okkur og höfðu vond áhrif á afkomu félagsins. Við bjuggum okkur undir harðan vetur, meðal annars með fækkun fólks, en þegar til kom höfðum við ekki fjármagn til að keyra okkur í gegn.“

Gunnlaugur segir fyrirtækið hafa farið

fram á 300 milljóna lán frá sínum viðskiptabanka til að lifa af veturinn. Það fékkst ekki. Eftir standa skuldir fyrirtækisins upp á 2-2,5 milljarða króna. „Það hefur allt lagst á eitt í heilt ár og unnið á móti okkur.“

Seinustu dagana fyrir gjaldþrot var reynt að selja rekstareiningar til að bjarga verkefnum, störfum og verðmætum. Til þess þarf samþykki lánaðrottna og skiptastjóra þannig að ekkert er staðfest þar. Gunnlaugur vonast til að þannig bjargist 20-30 störf. Aðspurður viðurkennir hann að staða KHB sé erfið en ekki vonlaus. „KHB er mjög skuldbætt vegna kaupanna en við erum að vinna úr þeim málum. Það er alls ekki í sömu stöðu og Malarvinnslan.“


GG

**Sjáumst í Bónus
á Egilsstöðum**

Bónus býður betur!

Sama verð um allt land!

**EKKERT
BRUÐL**



Afgreiðslutími í Bónus á Egilsstöðum

Mánudag til fimmtudags
12.00 til 18.30

**EKKERT
BRUÐL**

Föstudag 10.00 til 19.30
Laugardag 10.00 til 18.00
Sunnudag 12.00 til 18.00

ALLTAF LÆGRA VERÐ!